

AUGLÝSING**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Vinstri beygja af Sæbólsvegi (gamla Hafnarfjarðarvegi) inn á Kársnesbraut er bönnuð.
2. Bifreiðastöður við Fannborg skulu vera bannaðar, beggja vegna götunnar, að undanskildum stæðum fyrir fatlaða (D—11 merki), sem verður að sunnanverðu við götuna.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 14. desember 1979.

Ásgeir Pétursson.